# Sparisjóður Austurlands hf.

## Samandreginn árshlutareikningur

## 30. júní 2015

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6 - 7

Sjóðstreymi ........ 8

Skýringar ........ 9 - 11

Sparisjóður Austurlands hf.
Kennitala 621214-0630
Egilsbraut 25, 740 Neskaupstað

# Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Sparisjóðs Austurlands hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sjóðsins árið áður.

## Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 1,8 millj. kr. en bókfært eigið fé í lok tímabilsins nam 702,7 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 21,2% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Samkvæmt mati Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárþörf sparisjóðsins í svokölluðu SREP ferli er eiginfjárkrafan 16,9%.

Hlutafé sparisjóðsins nam í lok tímabilsins 700,9 millj.kr. og skiptist það í jafn marga hluti sem eru í eigu 89 aðila. Eftirtaldir aðilar eiga meira en 10% af hlutafé sjóðsins í lok júní 2015.

| | |
|---|---|
| Ríkissjóður Íslands........................................................................................ | 49,5% |
| Fjarðabyggð................................................................................................... | 22,4% |

Á aðalfundi Sparisjóðs Norðfjarðar ses fyrir árið 2014 var ákveðið að breyta rekstrarformi sjóðsins í hlutafélag og samhliða því var ákveðið að breyta nafni sjóðsins í Sparisjóður Austurlands hf. Sú breyting hefur nú tekið gildi og hefur Sparisjóður Austurlands hf. tekið við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Sparisjóðs Norðfjarðar ses. sem nú hefur verið slitið.

## Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er árshlutareikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2015 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2015.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sparisjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sparisjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Austurlands hf. hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015 og staðfest hann með undirritun sinni.

Neskaupstað, 3. september 2015

**Stjórn:**

**Sparisjóðsstjóri:**

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa Sparisjóðs Austurlands hf.**

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Sparisjóðs Austurlands hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Samkvæmt honum ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að hófleg vissa fáist um að árshlutareikningurinn sé án verulegra annmarka. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit byggt á endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem benti til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur gefi ekki glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2015 og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Akureyri, 3. september 2015

**Enor ehf.**

Níels Guðmundsson

Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2015

| | Skýr. | 2015<br>1.1 - 30.6 | 2014<br>1.1 - 30.6 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 49.309 | 48.445 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 138.854 | 141.128 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 355 | 861 |
| | | 188.518 | 190.435 |
| **Vaxtagjöld** | | | |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 90.595 | 79.913 |
| Vaxtagjöld af lántöku | | 885 | 1.123 |
| | | 91.480 | 81.036 |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 97.038 | 109.399 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | | |
| Þjónustutekjur | | 18.000 | 19.320 |
| Þjónustugjöld | | (2.822) | (3.676) |
| Gengishagnaður (-tap) | 3 | (3.807) | 3.513 |
| Ýmsar aðrar rekstrartekjur | | 8.562 | 8.132 |
| | | 19.934 | 27.289 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 116.972 | 136.687 |
| **Önnur rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 38.144 | 39.096 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 64.134 | 58.245 |
| Afskriftir | | 1.912 | 1.341 |
| | | 104.190 | 98.682 |
| Framlög í afskriftareikning útlána | | (8.384) | (14.234) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 4.398 | 23.772 |
| Tekjuskattur | | (2.586) | (4.214) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 1.811 | 19.558 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2015

| | Skýr. | 30.6.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir** | | | |
| Sjóður | | 34.142 | 12.896 |
| Innstæðubréf og aðrar kröfur á Seðlabanka Íslands | | 1.656.189 | 1.866.002 |
| Kröfur á lánastofnanir | | 458.322 | 330.011 |
| Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals | | 2.148.654 | 2.208.909 |
| **Útlán** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna | 4 | 3.068.423 | 2.948.897 |
| Fullnustueignir | | 125.550 | 149.100 |
| Útlán samtals | | 3.193.973 | 3.097.997 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum** | | | |
| Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum | | 35.178 | 35.132 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | | 17.333 | 39.663 |
| Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals | | 52.510 | 74.795 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 84.047 | 85.959 |
| Skatteign | 6 | 113.772 | 116.359 |
| Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur | | 47.584 | 18.107 |
| Aðrar eignir samtals | | 245.404 | 220.424 |
| **Eignir samtals** | | 5.640.540 | 5.602.126 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2015

| | Skýr. | 30.6.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Innlán** | | | |
| Óbundin innlán | | 2.644.366 | 2.490.433 |
| Bundin innlán | | 2.271.474 | 2.293.786 |
| Innlán samtals | | 4.915.840 | 4.784.219 |
| **Aðrar skuldir** | | | |
| Lántaka | | 0 | 65.328 |
| Aðrar skuldir | | 22.002 | 51.691 |
| Aðrar skuldir samtals | | 22.002 | 117.020 |
| **Eigið fé** | 5 | | |
| Hlutafé / stofnfé | | 700.887 | 649.472 |
| Óráðstafað eigið fé / varasjóður | | 1.811 | 51.415 |
| Eigið fé samtals | | 702.699 | 700.887 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 5.640.540 | 5.602.126 |
| **Skuldbindingar utan efnahagsreiknings** | 9 | | |
| **Aðrar upplýsingar** | 7 - 8 | | |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 30. júní 2015

| | Skýr. | 2015<br>1.1 - 30.6 | 2014<br>1.1 - 30.6 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 1.811 | 19.558 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar | | 4.778 | (460) |
| Framlag í afskriftareikning útlána | | 8.384 | 14.234 |
| Tekjuskattsinneign, breyting | | 2.586 | 4.214 |
| Aðrir liðir | | 1.912 | 1.341 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (59.167) | (58.821) |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | (39.695) | (19.934) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Útlán, breyting | | (67.589) | (53.286) |
| Markaðsskuldabréf, breyting | | (46) | 40.173 |
| Fjárfestingarhlutabréf, breyting | | 13.814 | 0 |
| Fjárfestingahreyfingar | | (53.820) | (13.113) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Innlán, breyting | | 98.588 | 81.764 |
| Lántaka, breyting | | (65.328) | (13.492) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 33.260 | 68.273 |
| **Breyting á handbæru fé** | | (60.256) | 35.225 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 2.180.047 | 1.819.579 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 2.119.791 | 1.854.804 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Austurlands hf. Heimilisfang sparisjóðsins er að Egilsbraut 25, Neskaupstað.

Hlutverk Sparisjóðs Austurlands er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru færð á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sjóðsins árið áður og hann er í íslenskum krónum.

Árshlutareikningur sparisjóðsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014.

**Mat og ákvarðanir**
Við gerð árshlutareikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Við gerð árshlutareikningsins notuðust stjórnendur við sömu aðferðir við mat og ákvarðanir og við gerð ársreiknings sjóðsins árið 2014.

## 3. Gengishagnaður (-tap)

| Gengishagnaður (tap) greinist þannig: | **2015**<br>**1.1 - 30.6** | **2014**<br>**1.1 - 30.6** |
|---|---|---|
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa og skuldabréfa | (6.501) | 2.096 |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | 2.694 | 1.417 |
| Samtals | (3.807) | 3.513 |

## 4. Útlán

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

| | **Afskriftareikningur**<br>**Sérstakur** | **Afskriftareikningur**<br>**Almennur** | **30.6.2015**<br>**Samtals** | **31.12.2014**<br>**Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur í upphafi ársins | 88.751 | 61.648 | 150.399 | 175.786 |
| Framlag í afskriftareikning á tímabilinu | 5.696 | 2.238 | 7.934 | 17.248 |
| Endanlega töpuð útlán | (8.821) | 0 | (8.821) | (43.307) |
| Innkomið áður afskrifað | 0 | 0 | 0 | 672 |
| Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins | 85.626 | 63.886 | 149.512 | 150.399 |
| | | | | |
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 2,6% | 1,9% | 4,6% | 4,7% |

## 5. Eigið fé

**Hlutafé**

Hlutafé sparisjóðsins nemur 700,9 millj. kr. og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Hlutafé sjóðsins var í lok tímabilsins í eigu 89 aðila.

| Yfirlit um eigið fé: | Hlutafé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun | 649.472 | 51.415 | 700.887 |
| Endurmat stofnfjár á tímabilinu | 51.415 | (51.415) | 0 |
| Hagnaður tímabilsins | | 1.811 | 1.811 |
| Eigið fé í lok tímabilsins | 700.887 | 1.811 | 702.699 |

Eigið fé í lok júní nam 702,7 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 21,2%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Fjármálaeftirlitið birti í júlí 2013 niðurstöðu könnunar og matsferils á eiginfjárþörf Sparisjóðs Austurlands og er þar gerð krafa um 16,9% eiginfjárhlutfall.

| Hlutfallið reiknast þannig: | 30.6.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Heildar eigið fé | 702.699 | 700.887 |
| Víkjandi lán | 0 | 17.965 |
| Skatteign | (113.772) | (116.359) |
| Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum | (781) | (4.768) |
| Eiginfjárgrunnur samtals | 588.145 | 597.725 |
| | | |
| Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig: | | |
| Útlánaáhætta | 183.946 | 176.305 |
| Markaðsáhætta | 1.504 | 7.670 |
| Rekstraráhætta | 36.049 | 36.049 |
| Eiginfjárkrafa | 221.499 | 220.024 |
| | | |
| Eiginfjárhlutfall | 21,24% | 21,73% |

## 6. Reiknuð skatteign

| Breytingar skatteignar á tímabilinu greinast þannig: | 30.6.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Reiknuð skatteign í ársbyrjun | 116.359 | 125.022 |
| Tekjuskattur af reglulegri starfsemi | (2.586) | (8.664) |
| Reiknuð skatteign í lok tímabilsins | 113.772 | 116.359 |
| | | |
| Reiknuð skatteign skiptist þannig á eftirfarandi liði: | | |
| Rekstrarfjármunir | (1.190) | (1.320) |
| Gengismunur | (355) | 842 |
| Útlán | 31.667 | 30.080 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 83.650 | 86.757 |
| Reiknuð skatteign í lok tímabilsins | 113.772 | 116.359 |

## 7. Eignir og skuldir háðar gengisáhættu og verðtryggingu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 2.267 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 2.436 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 92,6 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 83,7 millj. kr.

## 8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru stjórn sparisjóðsins, lykilstjórnendur og hlutafjáreigendur sem eiga yfir 10% af hlutafé og félög tengd framangreindum aðilum.

Lán til tengdra aðila nema 28,5 millj. kr. í lok júní 2015. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

## 9. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 30.6.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna ........ | 61.975 | 70.774 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir ........ | 263.184 | 201.573 |